




Fjallabyggð 9. febrúar 2023

## Efni: Fjarskiptasamband (GSM/Tetra) í Fjallabyggð Vinnuskjal slökkviliðsstjóra

Slökkviliðsstjóri vill vekja athygli á slæmu fjarskiptasambandi (GSM/Tetra) á ákveðnum svæðum innan Fjallabyggðar. Svæðin eiga það öll sammerkt að fjöldi fólks fer um þau. Komi til þess að fólk þurfi aðstoð eða að neyð skapist á þessum skuggasvæðum geti reynt erfitt fyrir fólk að kalla eftir aðstoð.

Slökkviliðsstjóri vil sérstaklega nefna skíðasvæðið í Skarðsdal. Fjarskiptasamband (GSM/Tetra) á grunnsvæði við skíðaskála á lélegt og ekkert þegar ofar dregur. Margt fólk getur verið á svæðinu á hverju tíma þegar starfsemi er á skíðasvæðinu og því áriðandi að fólk hafi tryggt fjarskiptasamband í gegnum GSM kerfið og að viðbragðsaðilar hafi tryggt fjarskiptasamband í gegnum Tetra. Hluti svæðisins á snjóflóðahættusvæði.

Slökkviliðsstjóri hvetur bæjaryfirvöld að beita þrýstingi á fjarskiptafélög, Símann, Vodafone og Tetra Ísland, sem halda uppi fjarskiptakerfinu á svæðinu bæti net.



1. Múlagöng – Ekkert GSM samband. Tetrasamband að mestu í lagi.
2. Héðinsfjörður – Lélegt GSM samband. Tetrasamband að mestu í lagi. Héðinsfjarðargöng – GSM samband ekki tryggt. Slitnar oft í báðum göngum. Tetrasamband að mestu í lagi.
3. Ásinn – GSM samband lélegt. Slitnar á þessu svæði.
4. Skarðsdalur, skíðasvæði – GSM og Tetra samband lélegt og ekkert þegar ofar dregur.
5. Strákagöng – GSM og Tetra samband ekkert.
6. Siglufjarðarvegur að Ketilási – GSM samband slitnar reglulega á leiðinni. Sama á við Tetrasamband.

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri